

AÐALFUNDUR LANDSBANKANS 2019

Aðalfundi Landsbankans hf., sem halda átti miðvikudaginn 20. mars 2019, hefur verið frestað til fimmtudagsins 4. apríl 2019 kl. 16:00. Fundurinn verður haldinn á Grand Hótel (fundarsalur: Gullteigur), Sigtúni 38, Reykjavík.

Drög að dagskrá:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

Aðrar upplýsingar:

Hluthafar eiga rétt á því að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá aðalfundar þurfa að vera skriflegar og berast bankanum fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 20. mars 2019.

Endanleg dagskrá fundarins, endanlegar tillögur og gögn er lögð verða fyrir aðalfundinn verða aðgengileg á vefsíðu bankans á slóðinni [https://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/adalfundur/fimmtudaginn 21. mars 2019](https://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/adalfundur/fimmtudaginn%2021.%20mars%202019).

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 skal tilkynna skriflega um framboð til bankaráðs skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Tilkynna skal skriflega um framboð til bankaráðs fyrir kl. 16:00 föstudaginn 29. mars 2019 til skrifstofu bankastjóra, Austurstræti 11, Reykjavík. Upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs verða lagðar fram og birtar á vef bankans tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé í bankanum að frádregnum eigin hlutum sem eru án atkvæðisréttar.

Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 15:30 á fundardegi.

Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang.

Reykjavík, 14. mars 2019

Bankaráð Landsbankans hf.